



34. fundur, umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn föstudaginn 4. maí 2018 og hófst klukkan 12:00.

Mættir voru: Jósteynn Hermundsson, Sölvi Ólason, Oddur Skúlason og Elías Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð.

Svo var ekki og gengið var til dagskrár.

Dagskrá.

1. Húsnæðisáætlun Langanesbyggðar

Húsnæðisáætlun Langanesbyggðar lögð fram, kynnt af sveitarstjóra og rædd.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin lýsir yfir ánægju sinni með framlögð drög að húsnæðisáætlun. Nefndin leggur til að sú stefnumótun er fram kemur í gildandi aðalskipulagi verði yfirfarin og endurskoðuð eftir því sem við á og breyttir tímar gefa tilefni til.

Samþykkt samhljóða.

2. Beiðni um heimild til viðbyggingar við Austurveg 12

Gögn vegna grenndarkynningar lögð fram. Samþykkt liggur fyrir frá þeim húseigendum sem fyrri samþykktir tilgreindu. Einnig voru lóðarsamningur, og þrjár teikningar af lóð lagðar fram. Ljóst er af teikningum að ákveðið misræmi er hvað varðar það að núverandi göngustígur er nær fyrirhuguðu húsi en teikning umsækjenda sýnir.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir framlagt erindi og vísar því til byggingarfulltrúa til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

3. Göngustígar á Þórshöfn

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti yfirlitsteikningu af stígum milli Sunnuegar, tjaldsvæðis, Lækjarveggar og Hálsveggar.

Bókun um afgreiðslu: Nefndinni lýst vel á framlagða teikningu og leggur til við sveitarstjórn að unnið verði í samræmi við hana.

Samþykkt samhljóða

4. Önnur mál

4.1. Umhverfisdagur 2018

Ákveðið er að umhverfisdagur sveitarfélagsins verði 12. maí nk. og að fyrirkomulag verði með svipuðu sniði og fyrri ár. Nefndin óskar eftir því að sveitarstjóri láti vinna



LANGANESBYGGÐ

dreifibréf til íbúa og skipuleggi aðkomu starfsmanna áhaldahúss að verkefninu. Nefndin mun finna aðila í báðum byggðakjörnum til að sjá um grill en sveitarfélagið greiðir kostnað vegna veitinga. Hvað varðar dreifbýli þá leggur nefndin til að hreinsunar átak þar fari fram í samhengi við fyrirhugaða söfnun á brotajárni og í samráði við íbúa.

Fleira ekki gert, fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 14:11.